



Forsætisnefnd

### **Aðgerðaáætlun atvinnu- og nýsköpunarstefnu 2023-2024**

Lagt er til að forsætisnefnd samþykki meðfylgjandi aðgerðaáætlun atvinnu- og nýsköpunarstefnu 2023-2024 með áorðnum breytingum. Aðgerðaáætlunin inniheldur 26 aðgerðir sem skiptast niður á sex stefnuáherslur.

#### **Greinargerð:**

Aðgerðaáætlun atvinnu- og nýsköpunarstefnu 2023-2024 var lögð fram á fundi forsætisnefndar þann 16. desember 2022 og var ákvað að kalla eftir umsögnum helstu hagsmunaaðila. Umsagnir bárust frá umhverfis- og skipulagssviði, skóla- og frístundasviði, þjónustu- og nýsköpunarsviði, fjármála- og áhættustýringarsviði og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Áætlunin hefur nú verið uppfærð og aðlöguð að framkomnum athugasemdum og er nú send forsætisnefnd til samþykktar að nýju.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir  
forseti borgarstjórnar

Hjálagt:

Aðgerðaáætlun atvinnu- og nýsköpunarstefnu 2023-2024

Atvinnu- og nýsköpunarstefna Reykjavíkurborgar 2030

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 6. janúar 2023

Umsögn skóla- og frístundasviðs, dags. 4. janúar 2023



Reykjavíkurborg

Umsögn þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 7. janúar 2023

Umsögn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 19. janúar 2023

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 8. febrúar 2023



Reykjavík

# Aðgerðaáætlun

atvinnu- og nýsköpunarstefnu  
2023 – 2024





- Lagt er til að forsætisnefnd samþykki aðgerðaáætlun atvinnu- og nýsköpunarstefnu 2023–2024.
- Aðgerðaáætlunin inniheldur 26 aðgerðir sem skiptast niður á sex stefnuáherslur.
- Aðgerðaáætlun 2023–2024 er unnin upp úr vinnu stýrihóps sem við gerð stefnunnar, og í því samráðsferli sem átti sér stað í stefnumótunarferlinu, tók saman lista yfir mögulegar aðgerðir.



# Reykjavík

- Atvinnu- og nýsköpunarstefna var samþykkt í borgarráði 31. mars 2022.
- Stefnunni er ætlað að leggja til framtíðarsýn fyrir atvinnugreinar, atvinnuhætti og nýsköpunarumhverfi Reykjavíkurborgar.
- Alls tóku um 200 aðilar beinan þátt í samráði við gerð atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030.





## Stefnuáhersla

## Aðgerð

## Ábyrgð

## Kostnaður

## Tími

1

### Sameiginlegur skilningur

> Virkara samtal og aukin upplýsingamiðlun á milli Reykjavíkurborgar og atvinnulífsins

- |    |                                                                                                                                                                        |     |                   |      |
|----|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----|-------------------|------|
| 1. | Efna til samráðsþings/atvinnulífsdaga þar sem borgin og atvinnulífið ræða saman um áskoranir og tækifæri.                                                              | SBB | 3-5 milljónir     | 2023 |
| 2. | Bæta miðlun til atvinnulífs, fyrirtækja og frumkvöðla um þróun borgarinnar, framkvæmdir og áætlanir.                                                                   | SBB | Vinna starfsfólks | 2024 |
| 3. | Skilgreina fyrsta snertipunkt innan borgarinnar fyrir fyrirtæki og frumkvöðla sem vilja leysa samfélagslegar áskoranir, hefja starfsemi í borginni, stækka eða þróast. | SBB | Vinna starfsfólks | 2023 |



## Stefnuáhersla

## Aðgerð

## Ábyrgð

## Kostnaður

## Tími

# 2

## Gott umhverfi atvinnulífs og nýsköpunar

> Eflum nýsköpunarmenningu hjá Reykjavíkurborg

> Betri þjónusta Reykjavíkurborgar

> Traustir og skilvirkir innviðir

- |    |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |                           |                                                                                       |             |
|----|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------|-------------|
| 1. | Styðja við Iceland Innovation Week til að auka aðgengi og sýnileika nýsköpunar þvert á atvinnugreinar og borgarkerfi. Búa til þverfaglegan starfshóp sem skipuleggur þátttöku borgarinnar til að bæta þekkingarmiðlun, stuðning við nýsköpun og til að koma góðum nýsköpunarsögum á framfæri úr starfsemi borgarinnar. | SBB                       | 2,5 milljón                                                                           | 2023 & 2024 |
| 2. | Skilgreina að í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar verði tilgreint að 0,5%-2% af fjárheimildum starfseininga verði varið til umbóta- og nýsköpunarverkefna.                                                                                                                                                              | FAS                       | Vinna starfsfólks                                                                     | 2023        |
| 3. | Endurskoða umgjörð innkaupamála með það að markmiði að stuðla að nýsköpun og skapa tækifæri fyrir fleiri aðila.                                                                                                                                                                                                        | Innkaupa-skrifstofa       | Vinna starfsfólks                                                                     | 2023        |
| 4. | Umbreyting þjónustu við fyrirtæki með rafrænum umsóknarferlum. Hlutfall rafrænna umsóknarferla verði hærra í lok árs 2024 en 2023.                                                                                                                                                                                     | þON og eig-endur þjónustu | Vinna starfsfólks                                                                     | 2023 & 2024 |
| 5. | Búa til fyrstu 10 ára innviðaaætlun borgarinnar sem verður samþykkt með fjárhagsáætlun borgarinnar haustið 2023. Markmiðið er að stilla saman áætlanir borgarinnar við áætlanir lykilsamstarfsaðila til að tryggja samræmi og fyrirsjáanleika.                                                                         | SBB & USK                 | Á fjárhagsáætlun. Til að byrja með vinna við skipulag og síðar kostnaður við innviði. | 2024        |



## Stefnuáhersla

## Aðgerð

## Ábyrgð

## Kostnaður

## Tími

# 3

## Fleiri stoðir verðmætasköpunar

- > Byggja upp nýsköpunar- og þekkingarkjarna
- > Efla innlent og alþjóðlegt samstarf um nýsköpun og rannsóknir
- > Tryggja mannauð fyrir góðar hugmyndir

1.	Vinna áfram með hagaðilum að þróun þekkingar- og nýsköpunarkjarna í Miðborg, Vatnsmýri, Gufunesi og Álfsnesi.	SBB	Vinna starfsfólks	2024
2.	Móta framtíðarumgjörð um rannsóknar- og nýsköpunarsamstarf Reykjavíkurborgar.	SBB	Vinna starfsfólks	2023
3.	Móta verklag um aðkomu Reykjavíkurborgar að frumkvöðla-, nýsköpunar og þekkingarsetrum og hvernig langtímaleigusamningum og utanumhaldi er háttað.	SBB	Vinna starfsfólks	2024
4.	Móta verklag með hvaða hætti borgin tekur þátt í klasastarfsemi.	SBB	Vinna starfsfólks	2024
5.	Hlúa að umhverfi nýsköpunar, lista og menningar í öllu skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar með áherslu á samfélagslega nýsköpun og framsæknar lausnir þegar kemur að inntaki náms og starfsaðferðum.	SFS	Vinna starfsfólks	2024





## Stefnuáhersla

## Aðgerð

## Ábyrgð

## Kostnaður

## Tími

# 4

## Sögur úr borginni

> Innlend markaðssetning

> Alþjóðleg markaðssetning

1. Vinna að kynningarefni fyrir Reykjavíkurborg sem „skapandi, græn borg“: Leggja áherslu á skapandi lausnir Reykjavíkurborgar á áskorunum samtímans þar sem einstaklingar hafa tækifæri til að vaxa og dafna í lýðræðislegu samfélagi.
2. Vinna nýtt kynningarefni sem vekur athygli á Reykjavík sem borg til að heimsækja, búa, læra, starfa og skapa.

SBB

SBB (með Íslandsstofu og Áfangastaða- stofu til samráðs)

Unnið samhliða öðrum verkefnum sem eru í gangi og fjármögnuð.

Unnið samhliða öðrum verkefnum sem eru í gangi og fjármögnuð.

2023

2024



## Stefnuáhersla

## Aðgerð

## Ábyrgð

## Kostnaður

## Tími

# 5

## Grænn vöxtur

- > Hvetjum og styðjum græn nýsköpunarverkefni
- > Eflum hringrásarhagkerfið
- > Drögum úr losun gróðurhúsalofttegunda
- > Fölgum tækifærum nálægt sjálfbærum samgöngum

1.	Styðja við nýsköpunarverkefni, hraðla og þekkingarsetur á sviði grænnar nýsköpunar.	SBB	22,5 milljónir á ári	2023 & 2024
2.	Skipuleggja lóðir fyrir hringrásargarð á Álfsnesi.	SBB	20-50 milljónir	2024
3.	Úthluta lóðum undir 10.000 m <sup>2</sup> af grænu húsnæði í Reykjavík í verkefnunum Grænt húsnæði framtíðarinnar og Reinventing Cities.	SBB & USK	Vinna starfsfólks	2024
4.	Fyrsta útgáfa af loftslagssamningi Reykjavíkur verður unnin 2023. Samningurinn er gerður að ákveðinni forskrift og er hluti af Evrópusamstarfi 112 borga sem ætla að verða kolefnishlutlausar fyrir árið 2030. Loftslagssamningur Reykjavíkur verður samstarfsverkefni við íslenska ríkið, önnur sveitafélög, háskólasamfélagið, einkafyrirtæki, frjáls félagasamtök og í samráði við borgarbúa.	USK	Vinna starfsfólks	2024
5.	Þróa atvinnutækifæri við lykilstöðvar Borgarlínu og innan hverfa samhliða gerð hverfisskipulags.	USK & SBB	Vinna starfsfólks	2024



## Stefnuáhersla

## Aðgerð

## Ábyrgð

## Kostnaður

## Tími

# 6

## Engin skilin eftir

> Virkjum hæfileika allra

> Fögnum fjölbreytileikanum

> Tryggjum mannréttindi allra á vinnumarkaði

1.	Tryggt sé að öll stafræn umbreyting þjónustuferla taki mið af þeim grundvallarreglum sem skilgreindar eru af Cities Coalition for Digital Rights.	ÞON & MAR	Fjárfestingaáætlun	2023 & 2024
2.	Tryggja að þátttakendur í verkefnum sem eru styrkt af Reykjavíkurborg endurspegli fjölbreytileika reykvíssks samfélags.	MAR	Vinna starfsfólks	2023
3.	Stuðla að því að fjölga fyrirtækjum og frumkvöðlaverkefnum einstaklinga af erlendum uppruna í Reykjavík.	SBB & MAR	Vinna starfsfólks	2024
4.	Búa til hvata fyrir fyrirtæki til að auka aðgengi fyrir alla.	MAR	Vinna starfsfólks	2024
5.	Þróun námskeiðs fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar á sviði nýsköpunar og „kúltúrhakks“.	ÞON og MÍ	Vinna starfsfólks	2023
6.	Útbúa hvata fyrir þau sem eru á fjárhagsaðstoð til að taka þátt í nýsköpun eða samfélagslegum verkefnum, og stuðla að því að tengja atvinnulífið við fólk á fjárhagsaðstoð.	VEL	Vinna starfsfólks	2024



Reykjavík

# Nýsköpun alls staðar

Atvinnu- og nýsköpunarstefna  
2022 - 2030 - drög





# Framtíðarsýn

Reykjavík nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar sem samfélag þar sem **sköpunarkraftur og framtakssemi** finnur frjósaman farveg. Hér er eftirsóknarvert að búa og starfa og borgin þykir spennandi staður að heimsækja. Úr farvegi sköpunar og hugmyndaauðgi verða til **samfélagsleg, efnahagsleg og menningarleg verðmæti** sem eru unnin í sátt við nærumhverfi og náttúruna.





## Nýjar áherslur

Framtakssemi, hugmyndaauði og sköpunargleði eru einkenni samfélaga sem njóta samfélagslegra, efnahagslegra og menningarlegra lífsgæða.

Reykjavík hefur alla burði til þess að bjóða upp á alþjóðlega samkeppnishæft umhverfi fyrir skapandi atvinnulíf, menningu og nýsköpun. Nýjar áherslur í atvinnu- og nýsköpunarstefnu borgarinnar munu hjálpa okkur að búa til frjóan farveg þar sem ólíkir straumar sameinast og laða til sín hugmyndaríkt og atorkusamt fólk.


Borg sem vill einkennast af sköpunarkrafti leggur sitt af mörkum við að skapa nærandi umhverfi fyrir blómstrandi hugmyndir. Allir þræðir stefnumótunar og stjórnsýslu munu nú samtinnast í því markmiði að gera borgina að framúrskarandi vettvangi fyrir kröftugt atvinnulíf og framtakssemi.

Umhverfi sköpunar felur í sér vandaða samfélagslega og tæknilega innviði, gott aðgengi að grænum svæðum og sterka samfélagsgerð. Slíkt umhverfi einkennist af trausti, jákvæðni, samstarfs- og þjónustuvilja, og hverfist í kringum sameiginlegan skilning á tækifærum og áskorunum framtíðar. Reykjavíkurborg mun leggja sitt af mörkum til að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun náist fyrir árið 2030. Þar leikur aukin nýsköpun lykilhlutverk. Reykjavíkurborg vill ýta undir fjölbreytta atvinnuþróun og þar með styrkja hlutverk sitt sem höfuðborg Íslands og forystuafn. Við viljum að Reykjavík sé alþjóðlega viðurkennd sem miðstöð sköpunargleði, menningar og nýsköpunar.





# Hugtök



## Atvinnulíf

Atvinnulíf vísar til íbúa, starfsfólks, fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum, frumkvöðla, einstaklinga með fyrirtæki í mótun, rannsóknastofnana, stjórnsýslustofnana og þriðja geirans.




## Nýsköpun

Nýsköpun felur í sér að skapa eða búa til eitthvað nýtt eða endurbæta það sem þegar er til staðar. Þetta á jafnt við um vörur, þjónustu, tækni, aðferðafræði, framleiðsluaðferð, stjórnskipulag eða sölu- og markaðssetningu. Til þess að teljast nýsköpun þarf hugmynd eða endurbót að vera hrint í framkvæmd.




## Samfélagsleg nýsköpun

Samfélagsleg nýsköpun felur í sér uppgötvun, hönnun og framkvæmd nýrra lausna sem ætlað er að skapa samfélagsleg verðmæti en eru ekki endilega hagnaðardrifin.



## Skapandi greinar

Með skapandi greinum er átt við starfsemi sem sprettur úr sköpunargleði, þekkingu og hæfileikum fólks sem nýtir vitsmunalegan og menningarlegan auð til að efla velferð og auka atvinnutækifæri.



## Innviðir

Innviðir vísa til tæknilegra innviða á borð við vegi, hafnir, kerfi, og lagnir og einnig til samfélagslegra innviða eins og skóla, almannarýma, listasafna og grænna svæða sem og þjónustuinnviða.



## Algild hönnun

Markmið algildrar hönnunar er að skipuleggja, hanna og framleiða vörur, byggingar, umhverfi og þjónustu þannig að afurðin gagnist sem flestum og að sem mestu leyti.



## Inngilding

Inngilding felur í sér að fólki, sem annars gæti verið útilokað eða jaðarsett, sé tryggður aðgangur að tækifærum og úrræðum.



## Nýsköpun alls staðar

**Við sjáum nýsköpun sem afrakstur hugmyndaauðgi sem athafnasamt fólk hefur hrint í framkvæmd um alla borg.**

Nýsköpun birtist gjarnan í umræðu um hátæknifyrirtæki. En nýsköpun er ekki síður undirstaða víðtækrar starfsemi sem tengist menningu, listsköpun, þriðja geiranum, stjórnsýslu og margvíslegum þjónustufyrirtækjum.

Nýsköpun er ekki skrautfjöður í hatti. Hún er hluti af sjálfsmynd Reykjavíkur og mótar hvernig við sem búum og störfum í borginni nálgumst viðfangsefnin okkar. Við ætlum að skapa jarðveg þar sem nýjar hugmyndir geta blómstrað.

Nýsköpun er rauður þráður í gegnum atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkur. Það er vegna þess að nýsköpun er forsenda verðmætasköpunar á öllum sviðum samfélagsins og gerir okkur í stakk búin að **mæta áskorunum framtíðarinnar.**







# Kjarnaáherslur

1. Sameiginlegur skilningur
2. Gott umhverfi atvinnulífs og nýsköpunar
3. Fleiri stoðir verðmætasköpunar
4. Sögur úr borginni
5. Grænn vöxtur
6. Engin skilin eftir

*Kjarnaáherslur nýrrar atvinnu- og nýsköpunarstefnu voru mótaðar út frá niðurstöðu samráðs og er ætlað að mæta fyrirbyggjandi áskorunum sem við stöndum frammi fyrir.*



# 1 Sameiginlegur skilningur borgar og atvinnulífs





# 1. Sameiginlegur skilningur borgar og atvinnulífs

Við viljum að samskipti borgar og atvinnulífs einkennist af gagnkvæmri virðingu, trausti og sameiginlegum skilningi á þeim áskorunum og verkefnum sem hvor um sig stendur frammi fyrir.

Við ætlum að líta á okkur sem virkan þátttakanda í mótun skapandi atvinnulífs. Það þýðir að Reykjavíkurborg skilji þarfir og væntingar atvinnulífsins og lagi þjónustu sína og starfsemi sem best að þeim þörfum. Borgin þarf að starfa eftir stefnu sem er skýr og skiljanleg og sækjast eftir sátt um sameiginleg markmið.

Þessi sameiginlegi skilningur þarf einnig að ná til sjálfstætt starfandi einstaklinga, frumkvöðla, annarra sveitarfélaga, menntastofnana, þriðja geirans og ríkisins.

## | Hvernig aukum við skilning?

### Forgangsaáhersla:

- 1.1. Virkara samtal og aukin upplýsingamiðlun á milli Reykjavíkurborgar og atvinnulífsins.



# 1. Sameiginlegur skilningur borgarar og atvinnulífs

## Forgangsa Hersla:

### 1.1. Virkara samtal og aukin upplýsingamiðlun

Við ætlum að leggja grunn að jákvæðu viðhorfi og auka gagnkvæma virðingu og traust í samskiptum á milli borgarinnar, atvinnulífsins og nýsköpunarsamfélagsins. Við styðjum við starfsfólkið okkar með markvissri fræðslu og þjálfun, sem gerir því kleift að nýta virka hlustun og miðla áreiðanlegum upplýsingum við störf sín.





## 2 | Gott umhverfi atvinnulífs og nýsköpunar





## 2. Gott umhverfi atvinnulífs og nýsköpunar

Jarðvegur fyrir skapandi lausnir og frjótt atvinnulíf samanstendur af traustum innviðum, vaxtarhugarfari og jákvæðu viðmóti gagnvart nýjum hugmyndum.

Nýsköpunarhugsun á að vera hluti af menningu Reykjavíkurborgar. Þá geta allar hugmyndir, bæði hagnaðardrifnar og þær sem mæta samfélagslegum áskorunum, fundið sér greiðan farveg til framkvæmdar.

Við viljum að þjónusta okkar sé auðskilin, skilvirk, stafræn og fyrirsjáanleg og að innviðir borgarinnar séu vandaðir og í takt við þarfir samfélagsins.

| Hvernig sköpum við frjóan farveg?

### Forgangsaðherslur:

- 2.1 Eflum nýsköpunarmenningu hjá Reykjavíkurborg
- 2.2. Betri þjónusta Reykjavíkurborgar
- 2.3 Traustir og skilvirkir innviðir



## 2. Gott umhverfi atvinnulífs og nýsköpunar

### Forgangsaðherslur:

#### 2.1 Eflum nýsköpunarmenningu í Reykjavíkurborg

Við ætlum að rækta nýsköpunarhugsun. Það felur í sér að auka skilning borgarkerfisins á birtingarmyndum nýsköpunar í atvinnulífi, menntakerfi og menningu.

#### 2.2 Betri þjónusta Reykjavíkurborgar

Þjónustu borgarinnar verður breytt í takt við hugmyndafræði algildrar hönnunar. Það þýðir að við gerum þjónustuna okkar einfaldari, stafrænni, aðgengilegri og fyrirsjáanlegri fyrir fyrirtæki og frumkvöðla og öll þau sem hana þurfa að nýta.


#### 2.3 Traustir og skilvirkir innviðir

Innviðir og aðstaða fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi verða byggð upp í takt við þarfir atvinnulífsins og nýsköpunarsamfélagsins.





# 3 | Fleiri stoðir verðmætasköpunar







### 3. Fleiri stoðir verðmætasköpunar

Í Reykjavík geta fyrirtæki og frumkvöðlar fengið brautargengi fyrir hugmyndir sínar og laðað til sín hæfileikaríkt fólk og fjármagn. Sérstök áhersla verður lögð á hugvitsdrifinn útflutning, skapandi greinar og verkefni á sviði græns vaxtar.

Við ætlum að hlúa að íbúum Reykjavíkur með því að tryggja aðgang að góðri menntun, veita þjálfun til að takast á við breytt atvinnulíf og efla alþjóðlega samkeppnishæfni borgarinnar með því að laða til okkar hæfileikaríkt fólk frá öllum heimshornum.

#### | Hvernig fjölgum við tækifærum?

##### Forgangsaðherslur:

- 3.1 Byggjum upp nýsköpunar- og þekkingarkjarna
- 3.2 Efla innlent og alþjóðlegt samstarf um nýsköpun og rannsóknir
- 3.3 Tryggja mannauð fyrir góðar hugmyndir



## 3. Fleiri stoðir verðmætasköpunar

### Forgangsaðherslur:

#### 3.1 Byggjum upp nýsköpunar- og þekkingarkjarna

Borgin mun hafa frumkvæði að samstarfi um þróun nýsköpunar- og þekkingarkjarna í Reykjavík. Þar verða atvinnutækifæri framtíðarinnar sköpuð í samstarfi atvinnulífs, nýsköpunar-samfélagsins, menntastofnana og borgarinnar.

#### 3.2 Eflum innlent og alþjóðlegt samstarf um nýsköpun og rannsóknir

Borgin mun vinna með atvinnulífinu og nýsköpunarsamfélaginu, í innlendu og alþjóðlegu nýsköpunar- og rannsóknarsamstarfi.

#### 3.3 Tryggjum mannauð fyrir góðar hugmyndir

Reglulega verða gerðar úttektir á hvaða hæfni og þekkingu Reykjavík framtíðarinnar kallar eftir og hvernig við getum tryggt að hún sé til staðar.





# 4 | Sögur úr borginni





## 4. Sögur úr borginni

Á hverjum degi verða til frábærar sögur úr fjölbreyttu athafnalífi í Reykjavík. Þetta eru sögur sem vekja innblástur og við ætlum að draga þær fram og deila innan og utan borgarinnar.

Þannig styrkjum við ímynd Reykjavíkur og gerum borgina eftirsóknarverðari fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem vilja láta hugmyndir sínar rætast. Sterk ímynd mun einnig laða að fjármagn, ný fyrirtæki og hæfileikaríkt fólk til búsetu, heimsóknna og athafna.

| Hvernig veitum við innblástur?

**Forgangsaðherslur:**

**4.1** Innlend markaðssetning

**4.2** Alþjóðleg markaðssetning



## 4. Sögur úr borginni

### Forgangsaðherslur:

#### 4.1 Innlend markaðssetning

Mótuð verður kynningaráætlun sem hefur það markmið að draga fram jákvæðar sögur úr athafna- og nýsköpunarlífi borgarinnar og hampa því sem er vel gert í Reykjavík.

#### 4.2 Alþjóðleg markaðssetning

Mörkuð verður stefna um alþjóðlega markaðssetningu borgarinnar með það að markmiði að vekja athygli á sérstöðu Reykjavíkur.





# 5 | Grænn vöxtur





## 5. Grænn vöxtur

Framtíðin kallar á grænan vöxt. Atvinnulíf næsta áratugar mun fela í sér minni kolefnislosun og meiri umhverfisvitund og nýsköpun sem stuðlar að sjálfbærari borg. Slík áherslubreyting mun skapa ný og græn störf og nýjar leiðir til að vinna þau störf af hendi.

Við ætlum að minnka kolefnisfótspor borgarinnar um helming á næstu 10 árum. Í því felast áskoranir sem þarfnast skapandi lausna sem nýtast bæði hér heima og fyrir heiminn allan.

### | Hvernig sköpum við grænar lausnir?

#### Forgangsaðherslur:

- 5.1** Hvetjum og styðjum græn nýsköpunarverkefni
- 5.2** Eflum hringrásarhagkerfið
- 5.3** Drögum úr losun gróðurhúsalofttegunda
- 5.4** Fjölum tækifærum nálægt sjálfbærum samgöngum



## 5. Grænn vöxtur

### Forgangsaðherslur:

#### 5.1 Hvetjum og styðjum við græn nýsköpunarverkefni

Ýtum undir og fögnum grænum nýsköpunarverkefnum í borginni. Það gerum við meðal annars með því að kalla eftir lausnum á sértækum áskorunum sem við stöndum frammi fyrir.

#### 5.2 Eflum hringrásarhagkerfið

Við hugsum í grænum leiðum og hvetjum til samnýtingar auðlinda í atvinnulífi borgarinnar. Það sem fellur til hjá einum getur orðið að nýtanlegri auðlind hjá öðrum.

#### 5.3 Drögum úr losun gróðurhúsalofttegunda

Dregið verður enn frekar úr losun gróðurhúsalofttegunda á öllum sviðum athafnalífs borgarinnar. Sú vinna mun meðal annars ná til samgangna, mannvirkjagerðar og orkuskipta.

#### 5.4 Fjölum tækifærum nálægt sjálfbærum samgöngum


Fjölum atvinnutækifærum innan hverfa borgarinnar og styðjum þannig við 15 mínútna hverfi, sem miða að því að helsta þjónusta sé innan við korters göngufjarlægð. Þetta er meðal annars gert með uppbyggingu sjálfbærra samgangna.







# 6 | Engin skilin eftir





## 6. Engin skilin eftir

Ein stærsta áskorun næstu ára felst í því að rækta nútímalegt samfélag þar sem ávinningi tækniframfara er dreift með sanngjörnum hætti.

Fjórða iðnbyltingin felur í sér margvíslegar breytingar sem erfitt er að spá fyrir um og samhliða henni mun margt í undirstöðum atvinnulífsins breytast hratt. Við ætlum að tryggja að í þessum breytingum verði Reykjavík áfram örugg höfn þar sem allir borgarbúar njóti til jafns þeirra tækifæra og lífsgæða sem framtíðin býður upp á.

### | Hvernig tökum við á móti framtíðinni?

#### Forgangsaðherslur:

- 6.1 Virkjum hæfileika allra
- 6.2 Fögnum fjölbreytileikanum
- 6.3 Tryggjum mannréttindi allra á vinnumarkaði



## 6. Engin skilin eftir

### Forgangsaðherslur:

#### 6.1 Virkjum hæfileika allra

Í Reykjavík verður græna umbreytingin byggð á réttlæti, sanngirni og þátttöku. Íbúar búa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigið líf og annarra í nútíð og framtíð. Það felur m.a. í sér að geta fundið sér atvinnu við hæfi.

#### 6.2 Fögnum fjölbreytileika

Við tvínum saman ólíka menningarheima, vinnum á skapandi hátt gegn staðalímyndum og tryggjum jafnrétti. Þannig leggjum við góðan grunn fyrir komandi kynslóðir til að takast á við atvinnulíf framtíðar.

#### 6.3 Tryggjum mannréttindi á vinnumarkaði

Í Reykjavík geta allir fundið farveg fyrir hugmyndir sínar og tekið virkan þátt í atvinnulífi og nýsköpun. Við vinnum markvisst að inngildingu þar sem fólk hefur sömu tækifæri, óháð uppruna, þjóðerni, stétt, tungumáli, litarhætti, trúarbrögðum, lífs- eða stjórn mállaskoðunum, trúleysi, kyni, kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu, kyneinkennum, aldri, fötlun, holdafari, líkamsgerð, heilsufari, atgervi eða annarri stöðu.





## Samráð

Samráðsferlið hófst með 18 þematengdum fundum með atvinnulífinu auk þess sem tölvupóstur var sendur á tugi fyrirtækja og stofnanir, sem og til allra sviða borgarinnar, þar sem óskað var eftir þátttöku í samráði. Almennungi gafst tækifæri til að senda inn umsögn í gegnum [betrireykjavik.is](https://betrireykjavik.is).

Stýrihópurinn fundaði alls 15 sinnum auk þess að halda aukafund undir yfirskriftinni „Samtal um framtíðina“. Við gerð stefnunnar var ákveðið að skilgreina áskoranir í takt við niðurstöðu samráðs og að mæta þeim með stefnuáherslum. Stefnudrögin fóru í innra samráð hjá borginni þann 3. desember 2021 og eftir að tekið hafði verið tillit til athugasemda þá var stefnan send í ytra samráð.

Alls tóku um 200 aðilar beinan þátt í samráði við gerð atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030 sem var eitt ár í vinnslu.



## Hefjum leikinn

Atvinnu- og nýsköpunarstefna Reykjavíkurborgar er leiðbeinandi fyrir okkur sem störfum hjá borginni um hvernig við getum haft áhrif á framtíðina. Stefna sem innleiða á skapandi hugsun getur ekki verið meitluð í stein. En það sem ný stefna veitir okkur er aðhald og innblástur til að hefja leikinn. Við mótum þann farveg sem komandi breytingar spretta fram úr og eftir því sem á líður mun ný atvinnu- og nýsköpunarstefna Reykjavíkurborgar vaxa og dafna í höndum okkar allra. Samhliða framlagningu stefnunnar er aðgerðaráætlun til næstu tveggja ára sem verður uppfærð á tveggja ára fresti út gildistíma stefnunnar.

## **Atvinnu- og nýsköpunarstefna Reykjavíkurborgar 2022–2030**

Útgefandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hjá Reykjavíkurborg

Ábyrgðarmaður: Þorsteinn Gunnarsson

Ritstjórn: Óli Örn Eiríksson

Stýrihópur: Dóra Björt Guðjónsdóttir, Gréta María Grétarsdóttir,  
Katrín Atladóttir, Þór Sigfússon og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir.

Ráðgjöf við vinnslu stefnunnar: Jóhanna Sveinsdóttir, Ragnar Fjalar  
Sævarsson og Þórlindur Kjartansson.

Starfsmenn stýrihóps: Eva Pandora Baldursdóttir, Guðný María Jóhannsdóttir,  
Kristinn Jón Ólafsson, Kristjana Björk Barðdal og Óli Örn Eiríksson.

Verkefnastjóri stefnumótunar: Guðný María Jóhannsdóttir

Hönnun og teikningar: Snorri Eldjárn Snorrason

Ljósmyndir: Juliette Rowland (bls. 24) Ragnar Th Sigurdsson (bls. 2, 12, 18,)

Sigurður Ólafur Sigurðsson (bls. 21)



**Reykjavík**



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

**Sendandi:** Umhverfis- og skipulagssvið

---

### **Umsögn um aðgerðaáætlun atvinnu- og nýsköpunarstefnu 2023-2024**

Óskað var eftir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs vegna aðgerðaáætlunar atvinnu- og nýsköpunar 2023-2024.

- Almennt er þess saknað að aðgerðaáætlunin innihaldi ekki aðgerðir sem styður við megináherslur stefnunnar um að breyta menningu með áherslu á nýsköpun og betri þjónustu hjá Reykjavíkurborg, t.d. með fræðslu og þjálfun starfsfólks.
- Aðgerðirnar mættu almennt innihalda vísi eða forskrift að tölulegum mælingum t.d. liður 2.4 mætti vera „Rafrænum umsóknarferlum verði fjölgað á tímabilinu“ eða „Hlutfall rafrænna umsóknarferla verði hærra í lok árs 2024 en 2023.“
- Óskað er eftir nánari skýringu á nokkrum aðgerðum sem snúa að umhverfis- og skipulagssviði.
  - 2.5. Hvað felst í 10 ára innviðaáætlun og hvernig verður vinnunni háttáð?
  - 5.3. Hvernig er grænt húsnæði skilgreint í liðnum „Byggja 10.000 m<sup>2</sup> af grænu húsnæði í Reykjavík“ ?
  - 5.5. Hvernig verður starfinu háttáð við þróun atvinnutækifæra við lykilstöðvar Borgarlínu?
- Leiðrétta þarf textann um loftslagssamning, tillaga : „Fyrsta útgáfa af loftslagssamningi Reykjavíkur verður unnin 2023. Samningurinn er gerður að ákveðinni forskrift og er hluti af Evrópusamstarfi 112 borga sem ætla að verða kolefnishlutlausar fyrir árið 2030. Loftslagssamningur Reykjavíkur verður samstarfsverkefni við íslenska ríkið, önnur sveitafélög, háskólasamfélagið, einkafyrirtæki, frjáls félagasamtök og í samráði við borgarbúa.“

Virðingarfyllst,

Hrönn Hrafnadóttir

*Umhverfis- og skipulagssvið*

*Aðalskipulag og loftslagsmál*

**From:** [Anna Garðarsdóttir](#)  
**To:** [Athafnaborgin](#)  
**Cc:** [Helgi Grímsson](#)  
**Subject:** Umsögn um aðgerðaráætlun atvinnu- og nýsköpunarstefnu 2023 - 2024  
**Date:** miðvikudagur, 4. janúar 2023 13:22:07

---

SFS23010021

## Umsögn frá skóla- og frístundasviði.

*Aðgerðaáætlun atvinnu- og nýsköpunarstefnu 2023-2024 er í góðum samhljómi við innleiðingaráætlun menntastefnu*

*Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022-2024 og mörg verkefni á SFS bæði ný og föst verkefni sem styðja við hana.*

Fyrir hönd skóla- og frístundasviðs,

**Kveðja**

**Anna Garðarsdóttir**

**Verkefnastjóri**

**Skrifstofa sviðsstjóra**

**Skóla- og frístundasvið**

**Department of Education and Youth**

**Borgartún 12 – 14**

**105 Reykjavík**

**[anna.gardarsdottir@reykjavik.is](mailto:anna.gardarsdottir@reykjavik.is)**

**„Látum draumana rætast“**





Reykjavík 7. janúar 2023

MSS22010337

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Forsætisnefnd

**Sendandi:** Karen María Jónsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra

### **Efni: Umsögn um drög að aðgerðaráætlun atvinnu- og nýsköpunarstefnu 2023-2024.**

Þjónustu- og nýsköpunarsvið fagnar því að borgin leggi fram metnaðarfulla aðgerðaráætlun sem til þess er gerð að ná markmiðum nýrrar atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri og varða þær aðgerðir sem sviðið er ábyrgðaraðili að:

Stefnuáhersla 2 – Gott umhverfi atvinnulífs og nýsköpunar.

Aðgerð 4 - *Bæta þjónustu við fyrirtæki með rafrænum umsóknarferlum.*

Athugasemd: ÞON er skráður sem ábyrgðaraðili fyrir þeirri aðgerð að bæta þjónustu við fyrirtæki. ÞON er ekki eigandi að neinni þjónustu borgarinnar við fyrirtæki og getur því ekki borið ábyrgð á henni, né því að bæta hana. Ábyrgðaraðili er því alltaf eigandi viðkomandi þjónustu. Það sem ÞON ber ábyrgð á er framkvæmd á umbreyting þjónustu, að beiðni eiganda.

a) Breyta þarf því:

- textanum undir Aðgerð 1: Umbreyting þjónustu við fyrirtæki með rafrænum umsóknarferlum
- textanum undir Ábyrgð 1: ÞON og eigendur þjónustu
- textanum undir Kostnaður 1: Fjárfestingaáætlun
- textanum undir Tími 1: 2023 & 2024

Stefnuáhersla 6 – Enginn skilinn eftir.

Aðgerð 1 – *Hanna umsóknarferla um verkefni og styrki svo tækifæri skapist fyrir alla og allir eigi jafna möguleika.*

Athugasemd: ÞON ber ábyrgð á hönnun rafrænna umsóknarferla, óháð inntaki þeirra. Ábyrgðin getur því ekki verið á FAS eða MAR hvað þennan þátt varðar. FASið er hinsvegar eigandi verkefnisins í dag og MAR ber ábyrgð á því að hafa eftirlit með að áherslum mannréttindastefnu, lýðræðisstefnu, aðgengisstefnu o.s.frv. séu hafðar til grundvallar í allri starfsemi borgarinnar þ.m.t. hönnun þjónustu.



Slíkt tryggjum við með því að fylgja grundvallarreglum Cities Coalition for Digital Rights, sbr. samþykkt borgarráðs sbr. 27. lið fundargerðar ráðsins frá 3. júní 2021, í allri hönnun og þróun stafrænna ferla (felur m.a. í sér umsóknarferla um verkefni og styrki). Grundvallareglurnar fela í sér mun fleiri þætti en aðeins hönnun svo sem algilda staðla, reiknireglur, rödd, þýðingar, öryggi gagna og svo lengi mætti telja.

a) Breyta þarf því:

- a. textanum undir Aðgerð í: Tryggt sé að öll stafræn umbreyting þjónustuferla taki mið af þeim grundvallarreglum sem skilgreindar eru af Cities Coalition for Digital Rights.
- b. textanum undir Ábyrgð í: ÞON og MAR
- c. textanum undir Kostnaður í: Fjárfestingaáætlun
- d. textanum undir Tími í: 2023 & 2024

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Karen María Jónsdóttir,  
Skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra

**From:** Þorsteinn Gunnarsson  
**To:** Athafnaborgin  
**Subject:** RE: Til umsagnar: Aðgerðaáætlun atvinnu- og nýsköpunarstefnu 2023-2024  
**Date:** fimmtudagur, 19. janúar 2023 21:30:19

Sæl og blessuð og til hamingju með þetta, virkilega vel unnið hjá ykkur.

Mín helsta athugasemd snýr að þeim kostnaði sem áætlaður er í aðgerðunum, hann er talsverður, ekki síst sem snýr að SBB. Svo við séum raunsæ gæti verið mjög erfitt í núverandi umhverfi að sækja þetta fjármagn. En svo er aðgerðaráætlun án fjármagns varla mjög kraftmikil.

Með kveðju,

Þorsteinn Gunnarsson  
Borgarritari  
Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara  
Chief Executive Officer  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
[thorsteinn.gunnarsson@reykjavik.is](mailto:thorsteinn.gunnarsson@reykjavik.is)  
Símar 411 4515 og 6969-234

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>  
Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

**From:** Athafnaborgin <Athafnaborgin@reykjavik.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 22. desember 2022 13:30  
**To:** Þorsteinn Gunnarsson <Thorsteinn.Gunnarsson@reykjavik.is>; Halldóra Káradóttir <halldora.karadottir@reykjavik.is>; Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir <Johanna.Eirny.Hilmarsdottir@reykjavik.is>; Óskar Jörgen Sandholt <oskar.j.sandholt@reykjavik.is>; Ólöf Örvardsdóttir <olof.orvarsdottir@reykjavik.is>; Anna Kristinsdóttir <Anna.Kristinsdottir@reykjavik.is>; Helgi Grímsson <Helgi.Grimsson@reykjavik.is>  
**Cc:** Erik Tryggvi Striz Bjarnason <Erik.Tryggvi.Striz.Bjarnason@reykjavik.is>; Ásta Þöll Gylfadóttir <Asta.Tholl.Gylfadottir@reykjavik.is>; Hrönn Hrafnadóttir <Hronn.Hrafnadottir@reykjavik.is>; Borghildur Sölvey Sturludóttir <Borghildur.Solvey.Sturludottir@reykjavik.is>; Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir <adalbjorg.disa.gudjonsdottir@reykjavik.is>; Óli Örn Eiríksson <Oli.Orn.Eiriksson@reykjavik.is>  
**Subject:** Til umsagnar: Aðgerðaáætlun atvinnu- og nýsköpunarstefnu 2023-2024

Sæl,

Forsætisnefnd hefur vísað aðgerðaáætlun atvinnu- og nýsköpunarstefnu 2023-2024 til umsagnar á þeim sviðum Reykjavíkurborgar sem eru ábyrg fyrir skilgreindum aðgerðum í áætluninni.

Aðgerðaáætlunin inniheldur 23 aðgerðir sem skiptast niður á sex stefnuáherslur. Hún er unnin upp úr vinnu stýrihóps sem við gerð stefnunnar, og í því samráðsferli sem átti sér stað í stefnumótunarferlinu, tók saman lista yfir mögulegar aðgerðir. Atvinnu- og nýsköpunarstefna var samþykkt í borgarráði 31. mars 2022. Henni er ætlað að leggja til framtíðarsýn fyrir

atvinnugreinar, atvinnuhætti og nýsköpunarumhverfi Reykjavíkurborgar. Alls tóku um 200 aðilar beinan þátt í samráði við gerð atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030.

Umsagnir þurfa að berast skrifstofu borgarstjóra og borgarritara fyrir 20. janúar 2022 á [athafnaborgin@reykjavik.is](mailto:athafnaborgin@reykjavik.is).

Nýti hér tækifærið og óska ykkur gleðilegra jóla!

Með kveðju / *Best regards*

Hulda Hallgrímsdóttir  
Verkefnastjóri Atvinnu- og borgarþróunar  
*Economic and Urban development*

---

Reykjavíkurborg – skrifstofa borgarstjóra og borgarritara  
*City of Reykjavík - Office of the Mayor and CEO*  
E-mail: [hulda.hallgrimsdottir@reykjavik.is](mailto:hulda.hallgrimsdottir@reykjavik.is)  
GSM / Mobile +354 661 3930  
[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Forsætisnefnd

**Sendandi:** Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

---

### ***Umsögn um aðgerðaáætlun atvinnu- og nýsköpunarstefnu 2023-2024***

Óskað hefur verið umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs um verkefni á aðgerðaáætlun atvinnu- og nýsköpunarstefnu 2023-2024 sem skilgreind hafa verið á ábyrgð sviðsins.

Í aðgerðaráætluninni er gert ráð fyrir að fjármála- og áhættustýringarsvið beri ábyrgð á eða fylgi eftir þremur aðgerðum sem falla undir stefnuáherslu nr. 2 *Gott umhverfi atvinnulífs og nýsköpunar* og stefnuáherslu nr. 6 *Engin skilin eftir*.

***Aðgerð 2.2. Skilgreina að í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar verði tilgreint að 0,5%-2% af fjárheimildum starfseininga verði varið til umbóta- og nýsköpunarverkefna. (Ábyrgð: FAS)***

Ef tekið er mið af 0,5%-2% af rekstrarútgjöldum A-hluta nemur umfangið á bilinu 800 til 3.200 m.kr. Mikilvægt er að skýra vel hvernig hugmyndin er að útfæra þetta, en aðgerðir á sviði umbóta- og nýsköpunar þurfa að rúmast innan gildandi fjárheimilda hverju sinni. Í samþykktri fjárhagsáætlun eru þessi verkefni ekki sundurliðuð fjárhagslega, en í greinargerð sviða með áætluninni er engu að síður áherslum og verkefnamiðuðum umbótum lýst með tiltölulega greinargóðum hætti sem kallast á við þessa aðgerð.

Þá er á það bent að Reykjavíkurborg vinnur með skipulegum hætti að innleiðingu á starfrænni umbreytingu í starfsemi sinni og ráðstafað hefur verið til þess umtalsverðu fjármagni á fjárfestingalið (um 3.000 m.kr. árið 2023). Verkefni á sviði stafrænna umbreytinga hafa þegar leitt til og eiga eftir að leiða til umbóta og nýsköpunar í starfsemi sviða til framtíðar lítið.

***Aðgerð 2.3. Endurskoða umgjörð innkaupamála með það að markmiði að skapa tækifæri fyrir fleiri aðila. (Ábyrgð: FAS)***

Lög um opinber innkaup afmarka umgjörð á kaupum á verkum, vörum og þjónustu. Unnið er að endurskoðun á innkaupareglum og innkaupastefnu Reykjavíkurborgar sem mun liggja fyrir á þessu ári. Við endurskoðun verður rýnt hvort og þá hvað getur hamlað þátttöku fyrirtækja í útboðum Reykjavíkurborgar eða kaupum borgarinnar á verkum, vörum eða þjónustu af fjölbreyttum og ólíkum birgjum og hvernig borgin getur stuðlað að samkeppni í víðum skilningi.

***Aðgerð 6.1. Hanna umsóknarferla um verkefni og styrki svo tækifæri skapist fyrir alla og allir eigi jafna möguleika. (Ábyrgð: MAR, FAS & ÞON)***

Fjármála- og áhættustýringarsvið vinnur í samstarfi við þjónustu- og nýsköpunarsvið að því að hanna og þróa nýja styrkjagátt fyrir umsóknir, meðhöndlun og afgreiðslu styrkja. Gáttin mun gagnast öllum sviðum borgarinnar og er stefnt að því að gáttin verði tekin í notkun haustið 2023.



Reykjavíkurborg

Með sama hætti er unnið að því að endurskoða og samræma styrki og styrkjareglur sbr. niðurstöður úr skýrslu starfshóps um aukið gagnsæi styrkúthlutana frá júní 2020.

----

Fjármála- og áhættustýringarsvið gerir ráð fyrir að verkefni aðgerðaráætlunarinnar rúmist innan samþykkrar fjárhagsáætlunar og gerir að því leiti ekki athugasemdir við kostnaðarmat hennar.

Virðingarfyllt,  
Halldóra Káradóttir

*sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs*